

## Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Svandísi Svavarsdóttur um fjölda iðnnema og námslok þeirra.

1. *Hversu margir nemendur hafa lokið prófum í iðngreinum á undanförunum fimm árum og hversu margir þar af án sveinsprófs?*

Hagstofa Íslands safnar árlega upplýsingum um fjölda skráðra nemenda í framhaldsskólum og um fjölda brautskráðra, þ.m.t. fjölda þeirra sem ljúka sveinsprófum. Þær upplýsingar má sjá í eftirfarandi töflu:

**Tafla 1. Fjöldi brautskráninga og sveinsprófa eftir árum.**

Ár	Fjöldi brautskráðra af iðnnámsbrautum	Fjöldi nemenda sem luku sveinsprófi
2006–2007	693	664
2007–2008	723	678
2008–2009	764	736
2009–2010	778	644
2010–2011	691	560
<b>Samtals</b>	<b>3.649</b>	<b>3.282</b>

Ekki var kannað sérstaklega hvort hér væri um sömu nemendur að ræða, þ.e. þá sem ljúka námi af iðnnámsbraut skóla og sveinsprófi ár hvert, en ætla má að svo sé.

2. *Hve margir nemendur eru í hverri grein?*

Í töflu 2 kemur fram fjöldi skráðra nemenda í hverri grein á árunum 2007–2011, þ.m.t. í grunnnámi einstakra starfaflokka, en tölur Hagstofunnar miðast við stöðuna 15. október ár hvert.

**Tafla 2. Skráðir nemendur á iðnnámsbrautum framhaldsskóla eftir greinum og árum.**

Iðnnámsbrautir	2007	2008	2009	2010	2011
Bakaraiðn	27	25	22	23	18
Bífreiddasmíði	23	21	29	31	27
Bífvélavirkjun	122	127	153	139	145
Bílamálun	25	24	24	31	27
Blikksmíði	10	14	10	6	7
Bókband	0	0	0	0	0
Framreiðsla	34	27	31	26	45
Grunnnám bíliðna	174	150	155	130	159
Grunnnám bygg. og mannvgr.	354	282	233	172	111
Grunnnám matvælagreina	70	66	61	173	46
Grunnnám málmíðna	212	214	296	339	391

<b>Iðnnámsbrautir</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>
Grunnnám rafiðna	416	511	562	506	490
Grunnnám uppl. og fjölgr.	269	272	268	233	208
Gull- og silfursmíði	20	25	26	30	19
Hársnyrtiðn	294	288	292	277	269
Húsasmíði	637	673	582	383	346
Húsgagnabólstrun	2	2	0	0	1
Húsgagnasmíði	31	21	23	38	79
Kjólasaumur	38	40	23	14	15
Kjötiðn	20	17	12	24	16
Klæðskurður	9	14	4	9	10
Ljósmyndun	2	11	22	12	15
Matreiðsla	143	133	126	127	136
Málaraiðn	50	81	55	52	36
Málmsuða	0	0	0	0	0
Múraraíðn	49	41	33	29	16
Netagerð	6	0	5	6	2
Pípulagnir	133	133	95	78	62
Prentsmíð	15	15	19	23	32
Prentun	2	3	5	3	0
Rafeindavirkjun	51	48	30	41	52
Rafveituvirkjun	19	0	0	1	0
Rafvélavirkjun	0	0	0	0	0
Rafvirkjun	306	187	161	208	198
Rennismíði	9	20	12	14	30
Símsmíði	0	0	0	0	0
Skósmíði	1	2	0	0	1
Skrúðgarðyrkja	9	21	22	29	21
Snyrtifræði	182	185	218	217	216
Stálsmíði	13	12	11	7	27
Steinsmíði	1	0	0	0	0
Söðlasmíði	2	3	0	0	0
Veggfóðrun og dúkalögn	4	3	3	1	1
Vélvirkjun	52	97	94	82	97
<b>Samtals</b>	<b>3.836</b>	<b>3.808</b>	<b>3.717</b>	<b>3.514</b>	<b>3.371</b>

### 3. Hve margir eru í hverjum framhaldsskóla?

Í töflu 3, sem er unnin upp úr upplýsingakerfinu Innu, kemur fram hversu margir nemendur voru á iðnnámsbrautum framhaldsskóla árin 2007–2012.

**Tafla 3. Fjöldi nemenda á iðnnámsbrautum eftir skólum.**

<b>Skóli</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>
Borgarholtsskóli	373	359	385	362	438	404
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	107	101	105	103	100	95
Fjölbrautaskóli Snæfellinga					6	
Fjölbrautaskóli Suðurlands	136	112	95	99	109	124
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	153	189	178	155	126	90
Fjölbrautaskóli Vesturlands	170	166	172	141	122	120
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	427	446	503	450	474	430
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	14	5	0	0	0	1
Flensborgarskóli	49	45	38	35	40	36
Framhaldsskóli A-Skaftafellssýslu			5		1	1

Skóli	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Framhaldsskóli Vestmannaeyja	14	12	18	10	3	3
Iðnskólinn í Hafnarfirði	327	321	305	287	298	301
Menntaskólinn á Ísafirði	49	50	43	28	39	31
Menntaskólinn í Kópavogi	64	61	59	59	53	67
Tækniskólinn	957	971	984	840	756	637
Verkmenntaskóli Austurlands	86	58	68	101	91	64
Verkmenntaskólinn Akureyri	272	280	263	275	278	287
<b>Samtals</b>	<b>3.198</b>	<b>3.175</b>	<b>3.221</b>	<b>2.945</b>	<b>2.934</b>	<b>2.691</b>

Hér kemur fram misræmi milli talna Hagstofunnar og Innu um nemendafjölda fyrir einstök ár. Skýringin kann að vera sú að Hagstofan telur alla nemendur, einnig þá sem eru á náms- samningi og eru þar af leiðandi ekki skráðir í skóla á sama tíma, en Inna birtir eingöngu tölur um þá nema sem eru skráðir í viðkomandi skóla. Hér má t.d. bera saman fjölda nema í mat- vælagreinum annars vegar (bakaraiðn, framreiðslu, kjötiðn og matreiðslu) og hins vegar fjölda nemenda á iðnnámsbrautum Menntaskólans í Kópavogi, þar sem flestir iðnnemar í matvælagreinum stunda nám sitt.

#### 4. Hve margir þeirra sem luku námi síðustu ár hafa „komist á samning“?

Erfitt er að henda reiður á hversu margir nemendur komust á námssamning hjá iðnfyrir- tæki eða meistara að námi loknu, þar eð breytilegt getur verið hvenær nemendur gera samn- inga um vinnustaðanám. Nemendur geta verið á samningi enda þótt þeir stundi jafnhliða nám í skóla, þótt oft sé það þannig að þeir geri námssamning fyrst að loknu skólanámi. Upplýs- ingum um fjölda gerðra námssamninga fyrir tilgreint tímabil var aflað hjá Iðunni – fræðslu- setri og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins og má sjá þær í töflu 4.

**Tafla 4. Fjöldi gerðra námssamninga árin 2007–2012.**

Iöngreinar	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Bakaraiðn	9	9	4	7	16	7
Bifreiðasmíði		7	6	12	3	9
Bifvélavirkjun	17	48	19	29	29	47
Bílamálun	9	8	5	6	7	16
Blikksmíði	5	8	3	3	1	9
Bókband		3	1		1	
Framreiðsluðn	17	13	20	24	40	38
Gull- og silfursmíði	6	3	1	5	4	12
Hársnyrtiðn	97	74	68	64	57	52
Húsasmíði	180	169	95	77	79	73
Húsgagnabólstrun					1	1
Húsgagnasmíði	8	7	1	1	1	7
Kjólasmur	1	9	7	8	9	17
Kjötiðn	1	9	3	8	11	14
Klæðskurður	2	7	4		8	8
Ljósmyndun	4	8	5	1	9	8
Matreiðsla	44	83	64	62	107	136
Málaraiðn	20	28	11	8	23	12
Múraraiðn	7	17	8	12	9	8
Netagerð	5				2	4
Pípulagnir	46	33	28	22	29	18
Prentsmíð	6	7	3	4	11	5
Prentun	1	3	3			4

<b>Iðngreinar</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>
Rafeindavirkjun	16	14	24	6	18	19
Rafvélavirkjun		1				
Rafveituvirkjun			3	1	4	1
Rafvirkjun	150	138	115	71	92	77
Rennismíði	4	7	14	4	3	10
Skósmíði	1				1	
Snyrtifræði	50	49	38	43	43	52
Söðlasmíði		2				
Stálsmíði	12	8	9	4	10	15
Veggfóðrun og dúkalögn	3		1		1	
Vélvirkjun	48	62	80	73	66	60
<b>Samtals</b>	<b>769</b>	<b>687</b>	<b>507</b>	<b>485</b>	<b>695</b>	<b>739</b>

Almennt má segja um einstaka starfaflokka að í biliðngreinum hefur orðið fjölgun í gerð námssamninga í seinni tíð. Í bygginga- og mannvirkjagreinum hefur verið lægð undanfarin ár vegna óvissunnar á vinnumarkaði. Í hönnunar- og handverksgreinum hefur ávallt verið erfitt að komast á samning, en þó hefur gerðum námssamningum fjölgað, einkum í kjólsaumi, klæðskurði og gull- og silfursmíði. Gott ástand er almennt í matvælagreinum, þó að erfitt hafi reynst að komast á samning í bakaraiðn. Í málmíðngreinum komast þeir á samning sem þess óska og sama má segja um rafíðngreinar. Í snyrtigreinum hefur verið tregða að taka nemendur á samning í hársnyrtiðn vegna aukinnar verktöku í greininni, en þá starfa meistarar sjálfstætt og taka ekki nemendur. Í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum hefur verið lægð undanfarin ár, en hún birtist einnig í fjölda skráðra nemenda í skólum. Erfitt hefur verið fyrir nemendur að komast á samning í ljósmyndun, en þó virðist sem nokkuð hafi ræst úr með tilkomu vinnustaðanámssjóðs, sem á raunar við um fleiri greinar, t.d. matvælagreinar.